

# Ríkisútvarp til framtíðar

## UMRÆÐAN

Gauti Sigþórsson skrifar um RÚV

Kvikmyndagerð þarf nú að þola mestan niðurskurð í ríkisstyrkjum af öllum listgreinum. Uppnám- ið vegna niðurskurðar á rekstrarfé Ríkisútvarpsins, og fyrirætla- ana stjórnenda um að draga stór- lega úr kaupum á íslenskum kvikmyndum og sjónvarpsefni frá sjálfstæðum framleiðendum kemur því ekki á óvart. Þar ofan á skapast hætta á að missa af fram- lögum til íslenskra kvikmynda úr erlendum sjóðum vegna þess að RÚV getur ekki lofað að verkefni- ið komi fyrir almennasjónir í fyll- ingu tímans.

Það væri synd ef þessi umræða festist strax í deilum um tækni- lega útfærslu niðurskurðarins, því hér er tækifæri á ferðinni til að endurskoða tilgang, gildi og framtíðarsýn stofnunarinnar.

RÚV er „útvarpsþjónusta í almannabágu“ (en. „public serv-



GAUTI SIGÞÓRSSON

ice broadcasting“), fyrirkomulag sem tíðk- ast víða um heim. Þessar stofnanir eru ýmist reknar með afnotagjöld- um samkvæmt lögum (t.d. BBC og skandin- avísku ríkisfjölmið- arnir), beinum fram- lögum frá ríkinu, eða frjálsum framlögum og stuðningi (t.d. National

Broadcasting Service í Banda- ríkjunum). Þær eru aðgreindar frá fjölmiðlum sem reknir eru í hagnaðarskygni, fjármagnaðir með auglýsingum og kostun. Ein leið til að greina á milli þessara rekstrarforma er að annars vegar er boðið upp á þjónustu við áhey- rendur, en hins vegar er boðið upp á þjónustu við auglýsendur.

Með smá einföldun má segja að samkvæmt 3. grein laganna frá 2007 sé tilgangur Ríkisútvarps- ins að veita áreiðanlega, hlutlæga fréttáþjónustu, fræðslu, skemmt- un (sérstaklega barnaeftir), rækta íslenska tungu, sögu og men- ningu, sem og að vera vettvang- ur lýðræðislegrar umræðu sem

tekur mið af fjölbreytni íslensks þjóðlífs.

Nú er svo komið að tekjustofn- ar RÚV duga ekki til að uppfylla þessar kröfur og reka það með óbreyttum hætti. Stjórn stofn- arinnar virðist samt ekki ætla að fara út í neinar róttækar breyting- ar á rekstri eða skipulagi, heldur dreifa niðurskurðinum yfir allar deildir.

Ef fjármagnið dugar ekki til þess að uppfylla lögbundin markmið útvarpsþjónustu í almannabágu, er kominn tími til að kanna mög- leika á að „vinda ofan af“ rekstr- inum og endurskilgreina hann út frá því hvað RÚV gerir vel. Með öðrum orðum, RÚV þarf að beina kröftum sínum að því sem síður þrífst á almennum fjölmiðlamark- aði án þess að skattfé komi til.

Fréttastofa RÚV veitir til dæmis mikilvæga almannabjónustu. Áreiðanlegir, faglegir fréttamið- lar eru lýðræðislegri umræðu nauð- syn, ekki síst við skrásetningu og túlkun þessara umbrotatíma í íslensku samfélagi. Einmitt nú þegar fréttamönnum í einkageiran- um hefur verið sagt upp unvörp- um vegna samdráttar auglýsinga-

markaðarins ríður mest á að hafa slíkt fólk á opinberum vettvangi, hvort sem það eru fréttaskýring- arþættir eins og Spegillinn, menning- arlegur fróðleikur eins og Víð- sjá, eða umræðuþættir eins og Silfur Egils.

Hljóð og myndir úr íslenskum menningarheimi verða að leika lyk- ilhlutverk í fjölmiðlum í almann- bágu sem kostuð er með afnota- gjöldum. Stjórnendur RÚV þurfa að velja á milli þess að hverfa frá markmiðum og tilvistarréttlæt- ingum stofnunarinnar eða breyta rekstri hennar til samræmis við skertan fjárhag.

Þetta kallar á endurskoðun á öllum rekstrinum. Er til dæmis ennþá þörf á tveimur útvarpsstöð- um, sérstaklega þar sem Rás 2 virðist að miklu leyti vera í beinni samkeppni um áheyrendur og auglýsingatekjur við fjölda einka- stöðva? Væri hægt að sameina Rásir 1 og 2 undir merki almenn- ingþjónustu, og láta einkareknu útvarpsstöðvarnar sjá um snakk og popp?

Mætti hagræða í húsnæði, tækja- kosti og annarri yfirbyggingu RÚV, til dæmis með því að leigja öðrum

fyrirtækjum aðstöðu og þjónustu innan veggja Útvarpsþússins við Efstaleiti eða leita samstarfs við menntastofnanir?

Ríkisútvarpið býr að mikilli góðvild almennings, eins og ítrek- að hefur sést á skoðanakönnunum um traust á fréttamiðlum. Ef farið verður út í gagngera endurskoð- un á rekstrinum væri það sterk- ur leikur (og ódýr) að stofna sam- ráðsvettvang útvarps og notenda, bæði á netinu og umræðufundum, svo að hugmyndir og tillögur borg- aranna um framtíð fjölmiðlunar í almannabágu fái að leika verð- skuldað hlutverk.

Það er líklegt að almenningur sem greiðir fyrir reksturinn muni hafa litla þolinmæði fyrir niðurs- kurði sem bitnar á íslenskri dag- skrárgerð og kvikmyndasýning- um nema aðrir kostnaðarliðir verði fyrst endurskoðaðir og opið, gagn- virkt samráð verði haft um rekst- ur útvarps allra landsmanna, ekki bara fram að næstu fjárlögum heldur til framtíðar.

Höfundur er lektor í fjölmið- un við University of Greenwich, London.

## Opið bréf til menntamálaráðherra

### UMRÆÐAN

Danival S. Hjaltason og Blængur Blængsson skrifa um menntamál

Með breytingum á innritunar- reglum nýnema í framhalds- skóla virðist augljóst að Mennta- málaráðuneytinu er alveg sama um hag og vilja nemenda sem eru að ljúka grunnskólaprófi. Breyt- ingarnar hafa í hnotskurn aðeins neikvæð áhrif, jafnt fyrir nemend- ur sem skólana sjálfa. Það að gera framhaldsskólana aftur að hverf- isskólum er gríðarleg afturför í skólamálum á Íslandi: forgangur íbúa hverfanna að vinsælum skól- um mun auka á brottfall, hóparnir sem koma úr grunnskólunum hald- ast saman og enginn kynnist nýju fólki. Nemendum af landsbyggðinni hefur verið gert nánast ómögulegt að sækja nám fyrir sunnan.

Samræmdu prófin voru kvöl og pína – en þau voru algerlega nauð- synleg. Ekkert samræmi er í dag á einkunnagjöf skólanna: Einkunnin



BLÆNGUR BLÆNGSSON



DANIVAL S. HJALTASON

7 í einum skóla gæti þýtt 9 í þeim næsta. Það er óskiljanlegt hvers vegna talið var nauðsynlegt að fíka í þessu, kerfið gekk algerlega upp eins og það var. Hvaða fullorðni einstaklingur sem er ætti að sjá það að samræmi í einkunnagjöfum er nauðsynlegt. Það er ótrúlegt að hægt sé að afnema samræmdu próf- in sisvona og gefa þar með hverjum og einum grunnskóla fullkomið vald yfir framtíð nemenda sinna. Það er augljóst að skólar sem ekki hafa samræmt einkunnakerfi sín á milli og ólíka meðaleinkunn í ofanálag hafa ekki fersendur til að meta nem- endur sína inn í framhaldsskólana ef engin eru prófin á landsvísu.

Samræmdu könnunarprófin sem framkvæmd voru seinasta haust voru eitt heljarinnar klúður frá upphafi til enda. Ekki er nóg með að skólarnir hafi ekki fengið neinar upplýsingar um hvaða atriði myndu veða mest á prófinu held- ur voru nemendur látnir taka próf- in nánast um leið og þeir komu úr sumarfríi. Algjörlega óundir- búinir. Skólarnir lögðu mismikla áherslu á að undirbúa nemend- ur fyrir könnunarprófin og nú er rætt um að nemendur geti valið um hvort þeir sýni niðurstöður sínar úr þeim til að styrkja stöðu sína. Engan veginn er loku fyrir það skotið að metnaðarfyllstu og hæfustu nemendurnir hafi stundað nám í skólum sem ekki tóku prófin jafn alvarlega og aðrir skólar – og bar enda ekki skylda til.

Við vitum að tíminn er naumur – en það er mögulegt að taka upp samræmd lokapróf núna fyrir 1994 árganginn sem er að útskrif- ast. Ekki gera þessi mistök!

Höfundar útskrifast úr grunnskóla í vor.

## Allt upp á borðið

### UMRÆÐAN

Sigrún Jónsdóttir skrifar um fjármál stjórnmalaflokka



SIGRÚN JÓNSDÓTTIR

Gegnsæi og heid- arleiki er meðal þeirra gilda sem krafist er að stjórnmalaflokk- ar hafi í heiðri, ekki síst hvað varðar fjárfra- m- lög til flokka og frambjóðenda. Nú eru rúm þrjú ár síðan lög um fjár- mál stjórnmalasamtaka tóku gildi, en með þeim var flokkunum sett- ar leikreglur, um fjárfloflun, birt- ingu upplýsinga úr ársreikning- um og skil til Ríkisendurskoðunar. Það var Jóhanna Sigurðardóttir formaður Samfylkingarinnar sem fyrst flutti lagafrumvarp á Alþingi um opið bókhald stjórnmalaflokka fyrir allmörgum árum. Samfylking- in hefur undanfarin ár birt yfirlit úr ársreikningum flokkskrifstofu á vef flokksins, þar má nú sjá yfirlit yfir árin 2001-2008. Á vefnum má einnig finna ársreikning fyrir árið 2007 fyrir flokkinn í heild þ.e. aðal- skrifstofu, félög og flokksdeildir sem voru með tekjur yfir 300 þús- und krónum. Samfylkingin hefur sent samskonar upplýsingar fyrir árið 2008 til Ríkisendurskoðunar og verða þær birtar á næstu dögum.

Í ágúst í fyrra setti Alþingi, að frumkvæði Jóhönnu Sigurðardótt- ur forsætisráðherra bráðabirgða- ákvæði í lög um fjármál stjórn- malasamtaka, sem fjallaði m.a. um birtingu upplýsinga um fjárfra- m- lög til flokka og frambjóðenda 2002-2006. Þær upplýsingar átti Ríkisend- urskoðun að birta að ósk flokka og frambjóðenda. Samfylkingin birti nöfn lögáðila sem styrktu flokk- inn (aðalskrifstofu og félög) um 200 þúsund krónum eða meira 2002-2006 í yfirlitinu sem skilað var til Ríkis- endurskoðunar í byrjun desember og var eini flokkurinn sem skilaði á réttum tíma. Fyrir alþingiskosn- ingarnar 2009 birti Samfylkingin fyrst flokka yfirlit yfir framlög til flokkskrifstofu og í lok maí í fyrra var birt yfirlit yfir heildarstyrki árið 2006.

### 330 milljónir frá NN

Sjálfstæðisflokkurinn birti í lok desember einungis upplýsingar um fjárfloflun aðalskrifstofunnar – Val- hallar – en engar upplýsingar um fjárfloflun aðildarfélaga. Ofan í kaup- in er ekki einn einasti greiddandi nafngreindur, þeir birtast allir sem NN. Það geta vart talist fullnaðar- upplýsingar þegar greiddendur fjár- framlaga eru skráðir sem NN.

Ríkisendurskoðun treysti sér ekki til að birta samræmdar upplýsingar úr gögnunum frá flokkunum fyrir árin 2002-2006, sem er að mörgu leyti skiljanlegt, en skýrt var tekið

fram að senda ætti yfir- lit yfir flokkskrifstofu sem og aðildarfélögin öll. Ljóst er að aðalskrif- stofa Sjálfstæðisflokks- ins – Valhöll – hefur árin 2002-2006 fengið um 330 milljónir króna í styrki frá lögáðilum, aðalskrif- stofa Samfylkingarinn- ar fékk á sama tímabili rúma 61 milljón króna í frjáls framlög og styrki. (sjá á xs.is).

Samfylkingin í heild (aðalskrif- stofa og félög) fékk um 213 milljón- ir króna 2002-2006 í styrki frá rúm- lega 80 nafngreindum aðilum meðan Valhöll ein og sér fékk eins og áður segir 330 milljónir kr. frá rúmlega 140 aðilum – NN. Hver ætli upp- hæðin sé fyrir Sjálfstæðisflokkinn í heild? Miðað við framlögin sem Val- höll fékk má gera ráð fyrir a.m.k. tvöfaldri ef ekki þrefaldri þeirri upphæð til flokksins í heild. Árið 2006 voru sveitarstjórnarkosning- ar og þar fór Sjálfstæðisflokkurinn t.d. í Reykjavík, Kópavogi og víðar mikinn í auglýsingabirtingum sem kostuðu sitt.

### Sjálfstæðisflokkurinn geri grein fyrir fjármálum sínum

Sjálfstæðisflokkurinn getur ekki skorast undan ábyrgð og sú krafa stendur eftir að þeir eins og aðrir geri með skýrum hætti grein fyrir fjárfra- m- lögum til alls flokksins. Ljóst er að Sjálfstæðisflokkurinn er fallinn á tíma, en krafan er vit- anlega að hann eins og aðrir flokkar geri grein fyrir fjármálum sínum. Forystufólk Sjálfstæðisflokksins hefur sagt í umræðum um fjármál flokkanna að hjá þeim væri allt uppi á borði, betur að svo væri. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis birt- ist innan tíðar og í umræðunni sem gera má ráð fyrir í kjölfar hennar verða upplýsingar um fjármál flokk- anna að liggja fyrir.

### Gegnsæi í fjárfra- m- lögum til flokkanna

Það mikilvæga verkefni bíður okkar sem störfum í stjórnmalum að efla traust almennings á stjórnmal- flokkum á ný. Samfylkingin mun áfram vinna af einurð að því að fjármál stjórnmalahreyfinga verði gegnsæ og upplýsingar birtar af heildarleika. Lögin frá 2006 hafa vissulega stuðlað að meira upplý- singaflæði til almennings um fjár- mál stjórnmalaflokka og takmark- anir verið settar á fjárfloflun og er það vel.

Skýrar og greinargóðar upplý- singar um fjárfra- m- lög til stjórn- malaflokka þar sem allt er uppi á borði er sjálfsgöð krafa og því eiga allir stjórnmalaflokkar að hlíta.

Höfundur er framkvæmdastýra Samfylkingarinnar.

Kynningarfundur 2. febrúar kl. 8:30

## Tækniþróunarsjóður

Opinn kynningarfundur í húsi Samtaka atvinnulífsins, Borgartúni 35 efstu hæð í tengslum við umsóknarfrest 15. febrúar 2010

Davíð Lúdvíksson, forstöðumaður hjá Samtökum iðnaðarins, stýrir fundinum.

- Starfsmenn Rannís kynna úthlutun fyrir árið 2009 og fjalla um umsóknar- og matsferli sjóðsins
- Farið verður yfir ný lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki
- Almennar umræður

Boðið verður upp á kaffi og meðlæti á fundinum

Tækniþróunarsjóður heyrir undir iðnaðarráðherra og starfar skv. lögum um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, nr 75/2007. Sjóðurinn fjármagnar nýsköpunarverkefni í samræmi við meginstefnu Vísinda- og tækniráðs. Umsækjendur geta verið fyrirtæki, einstaklingar, rannsóknastofnanir og háskólar.

Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstöðu og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs. Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins. Í vörslu Rannís eru opinberir samkeppnisjóðir s.s. Rannsóknarsjóður og Tækniþróunarsjóður. Rannís sér um greiningu á rannsóknunum og nýsköpun á Íslandi og gerir áhrif rannsókna og nýsköpunar á þjóðarhag og hagvöxt sýnilegan. Rannís er miðstöð upplýsinga og miðlunar alþjóðasamstarfs vísinda- og tæknisamfélagsins.

  
**rannís**  
Laugavegi 13, 101 Reykjavík  
sími 515 5800, rannis@rannis.is  
www.rannis.is